

Skólaráð Hörðuvallaskóla

2. fundur skólaársins 2019-2020, haldinn 07.11. 2019

Skólastjóri: Þórunn Jónasdóttir

Fulltrúar foreldra: Linda Hilmarsdóttir, Björn Ásbjörnsson

Fulltrúi grenndarsamfélags: Marta Kristín Sigurjónsdóttir

Fulltrúar kennara: Margrét Ingadóttir

Fulltrúi starfsfólks: Sigríður Einarasdóttir

Fulltrúi nemenda: Hávar Darri Vignisson, Gunnar Már Tryggvason

Dagskrá og afgreiðslur:

1. Umferðaröryggi

- Ákveðið var að senda bréf til bæjaryfirvalda varðandi lýsingu við gangbrautir skólans Linda og Þórunn semja bréf og senda á skólaráð til samþykktar.
 - a. skólaliði við eina gangbraut á morgnanna
 - b. endurskinsmerki, hjólaumferð
 - c. veldisáhrif, fleiri keyra börnin í skólann, meiri umferð
 - d. mikið umferðaröngþveiti skapast á morgnanna
 - i. foreldrar stoppa í hringtorginu og fara úr bílunum
 - ii. spurning með að loka alveg fyrir innkeyrsluna nema fyrir starfsfólk, óska eftir aðgangsstýringu
 - iii. benda foreldrum á að nýta sleppistæðin betur
 - e. bílastæði er í undirbúningi við stóru blokkina milli skólanna

2. Atburðadagatal 2019-2020

Atburðadagatal skoðað og tekið til samþykktar. Bent á að gott væri að setja fyrirlestraröð Erlendar sálfræðings inn á dagatalið.

3. Starfsáætlun skólans 2019-2020

Starfsáætlun skólans skoðuð og tekin til samþykktar.

4. Starfsáætlun frístundar 2019-2020

Starfsáætlun frístundar skoðuð og tekin til samþykktar.

5. Handbók starfsmanna 2019-2020

Starfsmannahandbók skoðuð og tekin til samþykktar. Bent á að gott væri að hafa starfslýsingu umsjónarkennara, hvað felst í umsjón.

6. Fyrirspurn kom um hvort ekki væri hægt að koma á ávaxtaáskrift fyrir nemendur í Baugakór.

7. Erindi frá nemendum

- a. Tillaga um að minnka matarsóun með því að matseðill sé sendur út á foreldra, þeir merki við með unglíngnum sínum hvenær hann vill vera í mat. Þórunn

ætlað að athuga framkvæmd þessa í Lindaskóla þar sem þetta er gert. Einnig kom fram ósk um að hafa ávexti með hafragrautum.

- b. Umræða um matarskömmtunina, að sumir ganga ekki nægilega vel um. Þórunn kemur upplýsingum til umsjónarkennara og þeirra sem eru á vakt að ræða þetta við nemendur og fylgja eftir.
- c. Nemendur óska eftir aðgengi að túrtöppum og dömubindum. Niðurstaðan að möguleiki sé á að ritari og námsráðgjafi hafi þetta hjá sér til að auðvelda aðgengi. Ekki talið ráðlegt að hafa á salernum.
- d. Kynjajafnrétti – mikilvægt að hafa salerni ekki kynjamerkt. Þórunn ræðir við húsvörð um merkingar.

8. Niðurstöður kannana

- a. Samræmd próf í 4. og 7. bekk. 4. bekkur er yfir töluvert yfir landsmeðaltali í stærðfræði og lítillega yfir í íslensku. 7. bekkur er undir landsmeðaltalinu í stærðfræði en nokkuð á pari í íslensku.
- b. Niðurstöður nemendakönnunar Skólapúlsins fyrir fyrstu tvo mánuði ársins lítillega rýndar, verða skoðaðar betur á næsta fundi. En vísbendingar eru um að líðan nemenda sé betri sem er mjög ánægjulegt.

Næsti fundur áætlaður fimmtudag 05.12.2019, kl 8:10

fundargerð ritaði
Þórunn